

LÍFSHÁTTAKÖNNUN UNGLINGA Í LANGANESBYGGÐ 2014



MARÍA BJÖRK INGVADÓTTIR
Félagsráðgjafi
mbingva@gmail.com
MÍÓSAK RÁÐGJÖF ehf.
Gilstúni 32, 550 Sauðárkróki.

“Lífsháttakönnunin” var lögð fyrir alla unglunga 13-18 ára í Sveitarfélaginu Langanesbyggð í samstarfi við Forvarnahópinn í janúarmánuði 2014 í þeim tilgangi að geta betur kortlagt hvernig lífshættir og líðan unglunga í þessum aldurshópi er, kanna hvað þau telja að vanti fyrir þennan aldurshóp í afþreyingu, hvað þau langar að starfa við og búa í framtíðinni og hvert þau vilja fara í framhaldsnám.

Svörin eru órekjanleg.


Alls tóku 30 þátt, þar af luku 29, 16 strákar (55%) og 13 stelpur (45%) Ekki var spurt um aldur þar sem úrtakið er það lítið. Flestir (66%) eru úr Grunnskóla Þórshafnar, 21% frá Bakkafirði og 14% úr Framhaldsdeildinni frá Laugum.

Alls voru spurningar 55 og snérust að lífsháttum og framtíðarsýn ungmenna í sveitarfélaginu.

Tómstundatilboð

Ertu ánægð/ánægður með tómstundastarfið í Félagsmiðstöðinni ?


Mikill meirihluti eða 79% eru mjög eða fremur áægð með tómstundastarfið í Félagsmiðstöðinni, 6% eru óánægð.



41% myndu vilja hitta jafnaldra sína annarsstaðar af Norðurlandi oftast en nú er og af þeim viðburðum sem þeim standa til boða skora viðburðir á vegum Samfés langhæst eða 65%, Landsmót og Samfestingurinn. Tónkvíslin er í þriðja sæti með 14% ánægju.


Tóbaksnotkun.

Reykir þú ?



Þegar spurt er um reykingar kemur í ljós að 93% segjast ekki reykja, tveir sem fíka örlítið, segjast reykja minna en eina sígarettur á dag eða viku. Þeir segjast fá hjá vinum, 34% telja mjög eða frekar auðvelt að fá sígarettur afgreiddar á svæðinu.

Notar þú munntóbak ?




Einn segist nota munntóbak að staðaldri og kaupir sjálfur. Tveir hafa fíkað og fá hjá vinum.

Enginn notar neftóbak að staðaldri, fimm segjast hafa prófað og einn þeirra kaupir sjálfur.


Áfengi

Þegar spurt er um áfengisnotkun síðustu 30 daga, segjast tæp 80% ekki hafa drukkið, fjórir hafa orðið drukknir í eitt skipti og tveir tvisvar. Þegar spurt er um hverjir hafa einhvern tíma drukkið áfengi fjölgar í hópnum. Þá hafa 52% orðið drukkin, þar af 14% 10-20 sinnum, 21% í eitt til tvö skipti og 17% sjaldnar en 10 sinnum.

Hve oft hefur þú orðið drukkin/n síðustu 30 daga?



Hve oft hefur þú orðið drukkin/n á ævinni?




Þegar spurt er um hvar unglíngarnir fáí vín eru jafnmargir sem segja að fullorðinn eða foreldri útvegi áfengið og að jafnaldrar eða kunningjar yngri en 18 ára útvegi það. Drykkjan fer fram í partýum og heima hjá vinum.

Drjúgur helmingur, eða 55% telur eðlilegt að krakkar yngri en 18 ára skemmti sér með fullorðnum þar sem vín er haft um hönd og 48% segjast reyna að komast á böll þar sem 18 ára aldurstakmark er í gildi.


Fíkniefni.

Hve oft hefur þú prófað önnur fíkniefni en áfengi og tóbak?

Langflestir, eða 86% hafa aldrei prófað fíkniefni. Tveir segjast hafa prófað einu sinni og tveir tvisvar, Kannabis og annað ótílgreint, keypt á Akureyri/Reykjavík.




Hvað af þessu hefur þú prófað?




Lestur.

Daglegur lestur af einhverju tagi er mikill en 38% segjast lesa eitthvað daglega. Aðeins fjórir segjast aldrei lesa annað en námsbækurnar.



Almennt er lesturinn að færast í auknum mæli á netið og er sömu sögu að segja af ungu fólki í Langanesbyggð. Rúmur þriðjungur, 34% merkir við að lesturinn fari fram á netinu. Leiða má að því líkum að í raun séu íþróttafréttirnar, sem eru það sem flestir lesa, einnig lesnar af netinu þó það sé ekki spurt sérstaklega um það og því sé í raun liðlega helmingur alls þess sem lesið er, að finna á netinu.




Samskipti foreldra og barna.

Ef skoðað er hvernig samveru foreldra og barna er háttað sést að einungis þrír, eða 10% segjast ekkert gera með fjölskyldunni.



Áhorf á sjónvarpið hefur vinninginn þegar spurt er um samveru , 41% sem nefna það og jafnmargir segjast tala saman, ferðast saman og sinna áhugamálum saman eða alls 41% .

Þegar spurt er um hvort unglingar geti rætt við foreldra sína og þá um hvað, kemur fram að þriðjungur talar daglega saman en 42% telur það gerast of sjaldan eða svara ekki. Mest er rætt um skólann, framtíðina og eitthvað skemmtilegt en um 10% segjast ekki geta talað við foreldra sína því þá sé bara verið að skammast eða ræða um peninga . Tímaskorti er kennt um samskiptaleysi og einnig því að foreldrar skilji þau ekki eða að unglingarnir segjast ekki vilja tala við foreldrana.




Útivistartími , sem er lögbundinn, virðist haldinn af um 76% aðspurðra en 24% segjast ráða því sjálf, sem kemur heim og saman við aldursdreifingu könnunarinnar.

Meirihluti segist búa við sanngjarnar reglur á heimilinu sem þau virði. Tveir aðspurðra vilja reglur en hafa þær ekki og 17% segja reglurnar vera strangar og þau brjóti þær.




Þáttaka í tómstundum og íþróttum.

Tómstundastarf virðist fjölbreytt og þáttaka um 90%. Nærri þriðjungur, eða 28% stundar fleira en eina tómstundagrein, fimm eða 17% útivist ýmisskonar og jafnmargir eru í skátum/björgunarsveit. Þrír, eða 10% eru í leiklist.



Nærri 80% þáttaka er í íþróttastarfi og þar er líkamsrækt vinsælust, fótbolti í öðru sæti og frjálssar í þriðja. 10% æfa fleiri en eina íþróttagrein.



Þyngd, mataræði, gos-og sælgætisát.

Varðandi ofþyngd, þá telur tæpur helmingur, eða 47% sig vera of þung. Ofáti, lítilli hreyfingu og leti er kennt um. Þeir sem telja sig of þung vilja stunda íþróttir þar sem ekki er lögð áhersla á keppni og fá einnig ráðgjöf í mataræði.

Í heildina virðist sem gosdrykkja og orkudrykkjapamb sé lítið, því 41% drekkur mjög sjaldan gos og 66% mjög sjaldan orkudrykki.

10% segjast ekki drekka gos, 17% drekka ekki orkudrykki .

Liðlega helmingur , eða 52% borðar sælgæti aðeins um helgar en 10% daglega. Aðeins einn borðar ekki nammi.



Um 68% borðar alltaf eða oftast morgunmat og sami fjöldi borðar daglega heita máltíð, líkt og sá fjöldi sem borðar skyndibita einu sinni í viku.

Nærri helmingur eyðir milli 500 og 1000 krónum á viku í síma en 41% segist ekki vita hve mikið fer í síma.


Tölvunotkun og samskiptasíður.

Góðu fréttirnar eru þær að enginn segist vera á netinu á nóttunni eða fyrir skóla á morgnana. Tölvunotkun er mest á kvöldin og fyrir kvöldmat en minnst um helgar.

Fimm, eða 17% eru í tölvunni meira en 6 klukkutíma á dag utan skóla, 21% eru í tölvu í 4-6 tíma, 24% í 0-2 klst en flestir, eða 31%, nota tölvu í 2-4 tíma á dag. Langflestir eru í blöndu af Facebook, Twitter og í tölvuleikjum eða 45%.



Samtöl hafa mikið færst yfir á samskiptasíður og þegar spurt er nánar út í hvað þau nota, eru langflestir á Snapchat en fáir á [ask.fm](#) og [talkd.me](#).




Fimm , eða 17% hafa fengið dónalegar spurningar eða telja sig hafa verið niðurlægð á þessum síðum.

Meira en helmingur hefur hitt einhvern sem viðkomandi hefur kynnst á netinu .

Dæmi um skrifleg svör eru : "nema þegar þú ert kannski að leika þér með vinum þínum á Omegle, þa kemur stundum eitthvað dónalegt. En þá förum við bara út af því og hlægjum :)
"óóó ja ekki niðurlægt mig haha"

Framtíðaráform.

Allir unglíngarnir í Langanesbyggð segjast ætla í framhaldsskóla og einungis 14% hafa ekki ákveðið hvert. Af þeim sem hafa tekið ákvörðun segjast flestir, 38% ætla í VMA, 17% í Framhaldsskóladeild á Þórshöfn og 10% í Framhaldsskólann á Laugum. Sami fjöldi stefnir á annan framhaldsskóla, 7% ætla suður í skóla og einn segist ætla í MA.



Þegar þeir sem ætla burtu eru spurðir um ástæðu þess að þau ætli að fara eru svörin mörg en ekki svo mismunandi. Helst er tilgreint að þau vilji prófa eitthvað nýtt og kynna nýju fólki.

En dæmi um skriflegar útskýringar eru þessar :

"Ég ætla í burtu vegna þess að ég er að fara í VMA
Mig langar að prufa að hitta aðra jafnaldra mína, og það er líka alltaf gott að komast aðeins í burtu frá stórrí fjölskyldu. Það er alltaf gaman að prufa eitthvað nýtt :) Það eru líka ekki margir skólar á minni svæði.
Það er ekkert að gera á xxxxx.. allavega ekki mikið. Og mér langar að fara til margra landa.
Það er ekkert að gera hér það er ekki verklegt nám og bara utaf því að það vantar fólk herna og vill eignast fleiri vini
Því mér leiðist oftast
ég vill kynna fleira fólki og vera með vinum mínum".

"prufa eitthvað nýtt, komast burt
langar að prófa einhvað nýtt
ætla kannski til Reykjavíkur, af því að amma og afi eru þar og verð þá hjá þeim á meðan ég er í framhaldsskóla.
Læra meira og fá góða vinnu
Því ég ætla að hugsa um framtíðina. Eftir þegar ég er búin að vera í framhaldsskólanum á Laugum ætla ég í xxxskóla í Reykjavík.

Langanesbyggð er drullu-place og það er engin framtíð hér bara því þórshöfn sökkar og maður vill prófa eh nýtt því að mér langar að vera í kringum vini mína Kannski vill einstaklingurinn bara kynnast nýju fólki eða bara komast eitthvert annað, Anda öðru andrúmslofti að sér“.

Spurð um hvað þeim finnst vanta í félagslífið fyrir þau í sveitarfélaginu þá bera svörin með sér að þeim finnst ekki mikið vanta annað en að þau geti hist oftár, hitt fleiri krakka og gert meira saman.

Dæmi um svör:

"ekki mikið fyrst við erum nú þegar með félagsstöð allt

við mættum hittast oftár kanski

já, ég bý í svo litlum bæ að það eru ekki það margir jafnaldrar minir.

Ég væri til i að vera meira með t.d. Þórshöfn.

Að gera eitthvað meira með 10.bekk þar.

Er ekki viss

íþróttæfingar og eitthvað þannig

það vantar ekki neitt.

fólk!!!!!!!!!!

að hittast meir ekki bara á þh heldur líka á bakkafirði

meira að gera ekki bara horfa á myndir

ekkert

við hittum fleira jafnaldra okkar frá öðrum sveitafélögum.

fleiri íþróttir

gera eitthvað meira saman

meira félagslíf, ekki bara félagsmiðstöðin...

ehv að gera

veit ekki

tæki

það gæti verið gaman að hafa fleiri kvöld með leikjum, kannski ekki bara spjall...

Ég er ekki búinn að spá mikið í því

mér finnst að það ættu að vera handboltaæfingar

það er svona ágætt ég tek ekki mikin þátt í því því vinir mínir eða sem voru það einu sinni eru hættir að hringja í mig og bjóða mér út.

allt


allt það er ekkert að gera hér

Að krakkarnir herna hitti aðra krakka frá bæjunum í kring og kynnist þeim

Ekki neitt því félagslífið út í sveit á Íslandi er bara alveg eins og í borginni það er ekkert að gerast og vinirnir hanga á netinu og spjalla þar.

Til að kanna hug unglínganna til framtíðarþúsetu voru þau spurð hvort þau langaði **“að búa á sama stað og þú býrð núna, þegar þú ert orðin fullorðin/n ? ”**

Rúmur fjórðungur hefur ekki tekið ákvörðun. Tæpur helmingur segist ekki vilja búa í framtíðinni í Langanesbyggð en 24% vilja búa þar áfram .



Spurð nánar út í afstöðu sína til framtíðarþúsetu eru svörin á þessa lund;

"vil prófa að búa annarsstaðar í öðrum löndum...
svo lítið félagslíf , og lítið af vinum sem hægt að fá.
það er alltaf gaman að prufa eitthvað nýtt. svo líka þegar maður fer í menntaskóla þá eignast maður nýja vini sem eiga kannski eftir að vera með þangað til maður deir :) það breytast plönin.
Langar að skoða mörg lönd ekki bara eitt..
það er ekkert að gera hérna og vantar fólkið leiðinlegt þegar það búa svona fáir hérna
lítið um að vera þar
bara ganni
af því að það er of einangrað hér.
Af því þessi staður er of lítill
því að mér hefur alltaf langað að búa a Akureyri og það er gott félagslíf fyrir krakkana mína þar ef eg eignast
því það er ekki neitt að gera hérna
langar að vinna eða eiga hrossaræktunarbú annarsstaðar
því þetta er ekkert sértaklega skemmtilegur staður.
þetta er ógeðslegur staður
því það er fokking ömurlegt að búa hér
af því eg er alveg komin með hvernig Ísland er og hvernig það er stjórnað og hvernig fólkið er.

Svo eru þau sem vilja búa í Langanesbyggð áfram eða eru ekki viss;

"Ég veit ekkert hvað mig langar að gera þegar ég verð eldri því að ég er ekki búin að vera spá í það -.-
engin sérstök ástæða

goður staður

ég er bara ekki búin að hugsa neitt um það


Já ég veit það ekki hvort mér langar að fara annarstaðar

því þetta er finn staður og eg hef alltaf langað að bua her alla mina ævi þetta er bærinn minn <3

Að lokum var spurt við hvað þau vildu starfa í framtíðinni ?

Hugur margra er í listgreinum, menningu, hönnun, tölvum, forritun, verkfræði, arkitektúr, líffræði eða 38%. Önnur störf heilla 34% .

Enginn sér fyrir sér að vinna í fiskvinnslu eða við ferðaþjónustu, einn vill verða bóndi, einn vinna við iðnaðarstörf og einn langar að verða kennari. Tveir sjá sjómennsku sem framtíðarstarf , jafnmargir og vilja starfa við þjónustustörf. Einn vill vinna í heilbrigðisgeiranum.



Dæmi um svör

"Ég væri til að vinna við að vera vélsmiður eða að laga bíla-

Tónlist-kokkur-ég ætla að verða hárgreiðslukona- hrossaræktandi

mig langar eiginlega ekkert til þess að vinna bara við eitthvað eitt og

sérstakt, ég vil gera eitthvað skrítið og skemmtilegt og prófa ýmislegt ;)

Ég ætla að vera leikari"

Þessi skýrsla dregur saman heildarniðurstöður svara unglínganna í Langanesbyggð við þeim 55 spurningum sem lagðar voru fyrir þá. Ekki er gengið út frá öðru en að svörin séu heiðarleg og einlæg enda ekki hægt að ætla þeim annað. Það er hinsvegar mikilvægt að benda á að svörin ber að túlka með ákveðnum fyrirvara þó hægt sé að lesa ýmislegt sammerkt með líðan og framtíðaráformum unglínganna. Hér er átt við t.d. að mjög fáir nota áfengi, tóbak og fíkniefni þó sérhver sem ekki fellur inn í þann hóp sé afar mikilvægur. Þá er greinilega nokkuð vel haldið utan um þau heima fyrir, reglur nokkuð skýrar, samskipti foreldra og barna almennt góð. Það sem gæti þó valdið nokkrum ugg er ofþyngd, eða upplifun þeirra á að nærri helmingur telur sig vera of þung. Þá er talsvert hátt hlutfall mjög lengi í tölvu á hverjum degi sem gæti verið áhyggjuefni eitt og sér en þarf ekki að vera það, fer allt eftir því hvað þau eru að fást við á netinu. Það er hinsvegar þáttur sem þarf að fylgjast vel með. Þátttaka í tómsundum og íþróttum er mjög góð og þau kvarta ekki undan of litlu framboði. Fámennið segir hinsvegar til sín þegar framtíðarbúseta er skoðuð. Það kemur hinsvegar ekki á óvart miðað við aðrar þær kannanir sem gerðar hafa verið en með nokkrum rökum má segja að þau sem búa á litlum stöðum vilja flytja til stærri staða, unglíngar á stærri stöðum vilja fara til enn stærri staða og borgar börn vilja fara til útlanda. Í heildina tekið má draga þá ályktun út frá svörun á þessari könnun að í Langanesbyggð búi vel gerðir unglíngar með afar kunnugleg áhugamál, langanir og þrár. Til hamingju með þau !

Ábyrgðarmaður könnunar og höfundur spurninga með góðri aðstoð og yfirlestri Forvarnahóps.

Sauðárkróki 3.- 10. mars 2014

María Björk Ingvadóttir, félagsráðgjafi .

mbingva@gmail.com

Míósak ráðgjöf ehf.

6604680/4536788